

## Refsiréttarnefnd

---

Reykjavík, 13. apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 18. mars sl., þar sem farið er fram á umsögn refsiréttarnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, 35. mál.

Refsiréttarnefnd hefur rætt efni frumvarpsins á fundum sínum og telur tilefni til að taka eftirfarandi fram:

### I.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er rakið að það geri ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum sem lögfest var árið 1995 eigi ekki við þegar um vanskil á vörslufé er að ræða og brotamaður hefur skilað réttilega skilagrein svo að ljóst megi vera að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots. Þá er því lýst hvernig vanskil á vörslufé vegna greiðsluferfiðleika séu ólík öðrum skattalagabrotum. Rakið er að tilgangur lagabreytingarinnar sé einnig sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákveða refsingu, einkum með hliðsjón af málsbótum sem brotlegir kunni að hafa.

Ekki er af hálfu refsiréttarnefndar tekin refsipólitísk afstaða til réttmætis þess að afnema sektarlágmark í þessum tilfellum að öðru leyti en því að benda á að hugsanlega kynni breytingin að leiða til aukningar á kerfisbundnum vanskilum á staðgreiðslu opinberra gjalda.

### II.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við gildandi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 bætist við nýr málslíður þar sem fram komi að hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skuli fésektarlágmark gildandi ákvæðis ekki eiga við. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna efnislega samsvarandi ákvæði um nýjan málslíð við gildandi 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 að því er varðar skil á virðisaukaskatti.


Ljóst er samkvæmt núgildandi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. 50/1988 að það telst refsínæmur verknaður að skila ekki staðgreiðslu, sem launagreiðandi hefur haldið eftir, eða innheimtum virðisaukaskatti. Um ákvörðun refsingar í slíkum tilvikum gildir sú margfeldisregla og það sektarlágmark sem fram kemur í ákvæðunum. Orðalag 1. og 2. gr. fyrirliggjandi frumvarps gera ekki ráð fyrir því að

Þessir verknaðir verði teknir út úr ofangreindum ákvæðum heldur að við þau bætist nýir málsliðir sem undanskilji að fésektarlágmark gildandi ákvæða eigi við um þá verknaði að skila ekki afdreginni staðgreiðslu eða innheimtum virðisaukaskatti. Í *fyrsta lagi* er óheppilegt og til þess valdið að valda vafa við túlkun að refsínæmi tiltekins verknaðar sé lýst í tveimur ákvæðum og þá þannig að mismunandi reglur um ákvörðun refsingar gildi í hvoru tilvikinu fyrir sig. Í *öðru lagi* er orðalag frumvarpsgreinanna ekki að öllu leyti í samræmi við verknaðarlýsingu núgildandi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988.

Refsiréttarnefnd telur að við þessar aðstæður sé réttast að verknaðarlýsingin um vanskil á vörslufé í gildandi ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 verði tekin þar út og nýjum málsgreinum bætt við ákvæðin þar sem kveðið yrdi á um refsingu við slíku broti með sjálfstæðum hætti og þá án sektarlágmarks í samræmi við markmið fyrirliggjandi frumvarps. Nefndin bendir einnig í þessu sambandi á að af greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu verður ráðið að einn megintilgangur þess sé að fella utan sektarlágmarksins vanskil sem skýra má af rekstrarerfiðleikum í atvinnustarfsemi. Þetta kemur hins vegar ekki fram í *texta* 1. og 2. gr. frumvarpsins. Með framsetningu ákvæðanna verður því ekki annað séð en að öll vanskil yrðu óháð sektarlágmarki, þ.e. án tillits til þess hvort þau megi rekja til rekstrarerfiðleika. Í því sambandi bendir refsiréttarnefnd á að á sviði refsiréttar eru gerðar miklar kröfur til þess að vilji löggjafans endurspeglist með skýrum hætti í refsheimildum, bæði að því er varðar verknaðarlýsingar og reglur um ákvörðun refsingar, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur refsiréttarnefnd ekki forsendur til þess að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi horfi.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður